

**ÍV Erlent hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity**  
**UCITS Fund**  
Útboðslýsing



ÍV SJÓÐIR

---

## Tilkynning til fjárfesta og yfirlýsing rekstrarfélags

Fjárfesting í eignarhlutum verðbréfasjóða er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar ítarlega og fylgiskjöl hennar. Verða fjárfestar fyrst og fremst að reiða sig á eigin dómgreind þegar þeir taka ákvörðun um að fjárfesta í verðbréfasjóðum með hliðsjón af væntingum um ávöxtun, ytri aðstæðum, eigin aðstöðu og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Kaup á eignarhlutum í verðbréfasjóði er í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum.

Á engan hátt ber að skoða útboðslýsingu þessa sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu verðbréfasjóðsins, ÍV sjóða hf. eða annarra.

Fjárfestum er bent á að leita til óháðra sérfræðinga um ráðgjöf við mat á eignarhlutum í verðbréfasjóðum sem fjárfestingarkosti. Þá er fjárfestum bent á að kynna sér ítarlega lagalega stöðu sína, svo sem skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með eignarhlutum í verðbréfasjóðum.

Útboðslýsing þessi hefur að geyma upplýsingar sem eru fjárfestum nauðsynlegar til þess að geta metið kosti þess að fjárfesta í sjóðnum ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund, sem rekinn er af ÍV sjóðum hf. Útboðslýsingin er unnin samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf.

Undirritaður framkvæmdastjóri ÍV sjóða hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri, lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir sem þekktar eru á útgáfudegi útboðslýsingarinnar og hefur engu mikilvægu atriði verið sleppt er gæti haft áhrif á mat á eignarhlutdeild í sjóðnum.

Akureyri 9. október 2023

Jón Helgi Pétursson  
framkvæmdastjóri

---

## Yfirlit útboðslýsingar – helstu atriði

<b>Tegund sjóðs:</b>	Sjóðurinn ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund, kt. 581206-9760, er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.
<b>Rekstrarfélag:</b>	Rekstrarfélag sjóðsins samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14 600 Akureyri.
<b>Vörsluaðili:</b>	Vörsluaðili sjóðsins samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
<b>Starfsemi:</b>	Tilgangur sjóðsins er að veita viðtöku fé frá einstaklingum og lögaðilum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum á heimsvísu og öðrum eignum á grundvelli eigna- og áhættudreifingar samkvæmt gildandi fjárfestingarstefnu sjóðsins.
<b>Fjárfestingarstefna:</b>	Fjárfestum er bent á að kynna sér sérstaklega kafla í útboðslýsingu um fjárfestingarmarkmið, fjárfestingarstefnu sjóðsins og áhættur tengdar því að eiga eignarhlutdeild í sjóðnum. Sjóðurinn fjárfestir í hlutabréfum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í hlutabréfum auk innlána.
<b>Aðal söluaðili:</b>	Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.
<b>Kaup- og sölugengi:</b>	Gengi eignarhlutdeildar sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og peningamarkaðsskjala sem sjóðurinn á hverju sinni. Þá getur gengi eignarhlutdeildar, eftir atvikum, breyst í samræmi við gengisbreytingar. Eignarhlutdeild í sjóðnum skal innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi, og, eftir atvikum, að teknu tilliti til gengis viðeigandi gjaldmiðils.
<b>Arðgreiðslur:</b>	Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.
<b>Þóknun rekstrarfélags:</b>	1,5% árlega af daglegu innra virði sjóðsins og 15% af ávöxtun umfram ávöxtunarviðmið.
<b>Ávöxtunarviðmið:</b>	MSCI ACWI Index (MSCI all country world index).
<b>Uppgjörsmýnt</b>	USD
<b>Fjárhæðir:</b>	Lágmarksfjárhæð viðskipta er 50 USD eða jafnvirði þess í viðeigandi gjaldmiðli miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands hverju sinni.
<b>Réttindi:</b>	Allir, sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við eignarhlutdeild sína.  Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á heimasíðum ÍV sjóða hf. <a href="http://www.ivsjodir.is">www.ivsjodir.is</a> .

---

# 1. Upplýsingar um sjóðinn

## 1.1. Stofnun, heiti og deildarskipulag verðbréfasjóðsins

ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund, kt. 581206-9760, (hér á eftir í útboðslýsingu þessari kallaður „**sjóðurinn**“), er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði (hér eftir nefnd „**lög nr. 116/2021**“) og reglugerð nr. 970/2021 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og upplýsingagjöf (hér eftir nefnd „**reglugerð nr. 970/2021**“). Sjóðurinn lýtur eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“). Sjóðurinn var stofnaður árið 2011 og er ekki deildaskiptur.

## 1.2. Markaðssetning, sala og þjónusta við fjárfesta og eigendur eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstrarfélag sjóðsins, sbr. kafla 5.1 í útboðslýsingu þessari, hefur á grundvelli 22. gr. laga nr. 116/2021 gert útvistunarsamning og útvistað verkefnum til móðurfélags síns, Íslenskra verðbréfa hf. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða hlutdeildarskírteinishöfum sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

Íslensk verðbréf hf. eru aðal söluaðili sjóðsins og annast þjónustu við þá sem fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum. Íslensk verðbréf hf. annast milligöngu vegna áskriftar að eignarhlutum sem og innlausnar þeirra.

Sjóðurinn hefur skv. reglum heimild til markaðssetningar erlendis, að fengnu leyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Slíkt leyfi er ekki til staðar við útgáfu þessarar útboðslýsingar.

## 1.3. Upplýsingagjöf til fjárfesta og eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum

Rekstrarfélag og Íslensk verðbréf hf. veita allar nauðsynlegar upplýsingar til þeirra sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum

### 1.3.1. Birting ársreikninga og hálfársuppgjöra

Endurskoðaður ársreikningur ÍV sjóða hf. er aðgengilegur eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Árshlutareikningur vegna hálfársuppgjörs er aðgengilegur eigi síðar en 31. ágúst ár hvert. Endurskoðaður ársreikningur og kannaður árshlutareikningur eru aðgengilegir á heimasíðu ÍV sjóða hf. hverju sinni. Í B-hluta árs- og árshlutareikninga rekstrarfélags eru sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

### 1.3.2. Hvar má nálgast reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins

Upplýsingar um rekstur verðbréfasjóðsins og skjöl sem nauðsynlegt er að fjárfestar kynni sér áður en af fjárfestingu verður s.s. útboðslýsing, reglur og lykilupplýsingablað er að finna á sértækri upplýsingasíðu sjóðsins sem finna má á heimasíðu rekstrarfélagsins ÍV sjóða hf., [www.ivsjoDIR.is](http://www.ivsjoDIR.is). Íslensk verðbréf, sem vörsluaðili sjóðsins sbr. gr. 5.2. veita hlutdeildarskírteinishöfum upplýsingar um virði eignarhlutdeildar og ávöxtun af eignarhlutdeild þeirra í gegnum Verðbréfavef ÍV á [www.iv.is](http://www.iv.is).

Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 116/2021. Eigendum eignarhlutdeildar er tilkynnt um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laganna.

---

#### **1.4. Skattaleg meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum; skil á fjármagnstekjuskatti**

Hagnaður af innlausn eignarhlutdeildar verðbréfasjóðsins er skattskyldur á Íslandi. Um skattlagningu tekna af eignarhlutdeildum sjóðsins fer eftir lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Vörsluaðili sjóðsins, Íslensk verðbréf hf., sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt lögum nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann leggst á þegar eignarhlutdeild í sjóðnum er innleyst með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af eignarhlutdeild.

Skattaleg meðferð ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Skattaleg meðferð er mismunandi eftir því hvort um er að ræða aðila heimilisfasta á Íslandi eða heimilisfasta erlendis og jafnframt eftir því hvort um er að ræða einstaklinga utan rekstrar eða einstaklinga með rekstur eða hvort um er að ræða lögaðila. Sumir lögaðilar eru undanþegnir staðgreiðslu af fjármagnstekjum. Þá sæta tilteknir lögaðilar hvorki skattlagningu né staðgreiðslu af tekjum af eignarhlutdeildum. Fjárfestar eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála varðandi skattalega meðferð á eignarhlutdeild í sjóðnum.

#### **1.5. Slit sjóðsins eða samruni**

Reglur sjóðsins tilgreina aðferðir og skilyrði fyrir því að sjóðnum sé slitið eða hann sameinist öðrum sjóði. Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir eigendur eignarhlutdeildar eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

#### **1.6. Endurskoðun verðbréfasjóðsins**

Endurskoðandi sjóðsins er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

---

## 2. Eignarhlutdeild í sjóðnum

### 2.1. Skilríki fyrir eignarhlut í sjóðnum; útgáfa hlutdeildarskírteina og réttindi tengd eignarhlutdeild í sjóðnum

Sjóðurinn gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til en óski sá sem á eignarhlutdeild í sjóðnum eftir því að fá hlutdeildarskírteini gefið út, er það gert í samræmi við gildandi lög og reglur sjóðsins. Til einföldunar verður hugtakið „hlutdeildarskírteinishafi“ notað í útboðslýsingu þessari yfir alla þá sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum, hvort sem þeir hafa fengið útgefin hlutdeildarskírteini eða ekki.

Við áskrift eignarhlutdeildar í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi í fyrsta lagi þekkt í lok dags á kaupdegi og yfirleitt næsta virka dag eftir kaupdag.

Sjóðurinn hefur heimild til að gefa út hlutdeildarskírteini í íslenskum krónum, Bandaríkjadöllum og evrum.

Áskrifandi fær staðfestingu fyrir áskrift sinni sem staðfestir eignarhlutdeild í sjóðnum og tilgreinir kaupverð í krónum, fjölda eignarhluta í sjóðnum og gengi á keyptum hlutum.

Sjóðurinn býður upp á útgáfu eignarhlutdeildar í formi rafbréfa.

Allir sem eiga eignarhlutdeild í sjóðnum eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og er staðfesting samkvæmt framangreindu eða hlutdeildarskírteini, eftir því sem við á, staðfesting á hlutdeild til eigna sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins heldur utan um eignarhlutdeild hvers hlutdeildarskírteinishafa.

### 2.2. Eignaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum

Tilkynna skal eigendaskipti á eignarhlutdeild í sjóðnum til vörslufyrirtækis. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á eignarhlutdeild í sjóðnum, eru færðar á skrá og heimildar getið.

Aðili, sem eignast eignarhlutdeild í sjóðnum við nauðungarsölu eða á annan hátt án atbeina eiganda, skal þegar í stað tilkynna vörsluaðila um eigendaskiptin.

### 2.3. Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeildar í honum.

### 2.4. Reglur um verðmat eigna

Mat á eignum sjóðsins fer eftir lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Eignir sjóðsins skulu á hverjum tíma endurspeglarunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum markaði eru metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati ÍV sjóða hf., undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. ÍV sjóðir hf. heldur skrá yfir mat eigna á hverjum tíma þar sem fram koma forsendur við mat á eignum sjóðsins.

### 2.5. Tilhögun viðskipta með eignarhlutdeild í sjóðnum

Eignarhlutdeild í sjóðnum er eingöngu seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

---

Lágmarksfjárfesting er 50 USD að markaðsverði eða jafnvirði þess í þeim gjaldmiðli sem fjárfest er í miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands hverju sinni.

Beiðni um kaup og innlausn eignarhluta, sem ÍV sjóðum hf. berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virka degi eftir það (T+2) á staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2).

## 2.6. Virði eignarhlutdeildar

Virði (gengi) eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði innheimtukostnaði, þóknunum og áföllum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta eignarhluta.

Nýti sjóðurinn heimild sína til að gefa út eignarhlutdeildir í íslenskum krónum og/eða evrum verður eignahlutdeildum skipt upp í flokka, þ.e. einn flokk fyrir hverja mynt. Virði slíkrar eignarhlutdeildar fengist með því að deila virði eignarhlutdeildar í grunnmynt með gengi viðkomandi myntar hverju sinni.

Virði eignarhlutdeildar í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir lögum á hverjum tíma.

## 2.7. Innlausn

Sjóðurinn er skuldbundinn til að innleysa eignarhlutdeild í sjóðnum á staðfestu kaupgengi innlausnardags. Við innlausn á eignarhlut í sjóðnum er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleysta hluta í sjóðnum. Innlausnarvirði og gengi er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er hlutdeildarskírteinishafa.

Heimilt er að fresta innlausn eignahlutdeilda í sjóðnum mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa krefjast þess. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun fyrir viðskipti á skipulegum markaði þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður svo að ekki reynist unnt að sannreyna innlausnarvirði eignarhlutdeildar eða að umfang innlausna sé slíkt að sjóðurinn nær ekki að mæta þeim nema með sölu eigna sem getur tekið tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra eignarhluta í sjóðnum.

Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og hlutdeildarskírteinishöfum og tekur gildi við sendingu tilkynningar. Jafnframt skal frestun auglýst á heimasíðu ÍV sjóða hf., [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is). Er frestun lýkur skal opnun sjóðsins auglýst með sama hætti.

---

## 3. Fjárfestingarmarkmið

### 3.1. Fjárhagslegur tilgangur

Markmið með útgáfu ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn hlutabréfa á heimsvísu.

### 3.2. Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir í skráðum hlutabréfum á heimsvísu auk sjóða, að takmörkuðu leiti, sem fjárfesta í hlutabréfum. Fjárfestingar eru skráðar á skipulagðan verðbréfamarkað eða hafa virka daglega verðmyndun.

Dreifing eigna færst t.d. með beinni fjárfestingu í hlutabréfum á heimsvísu, verðbréfum, og peningamarkaðsbréfum. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, en að mjög takmörkuðu leiti (hámark 10%). Safn hlutabréfa getur t.d. innihaldið eignir sem skráðar eru á mismunandi markaði, í mismunand löndum og í mismunandi mynt. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu.

Sjóðurinn mun að miklu eða öllu leiti fjárfesta í skráðum hlutabréfum á heimsvísu, verðbréfum, og peningamarkaðsbréfum. Honum er heimilt að fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu að takmörkuðu leiti.

### 3.3. Takmarkanir á fjárfestingum sjóðsins

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum eru settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 116/2021:

Hlutabréf á heimsvísu	0-100%
Fjárfesting í öðrum sjóðum	0-10%

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 64.-76. gr. laga nr. 116/2021. Sjóðnum er óheimilt að víkja frá þeim ákvæðum.

Sjóðurinn nýtir sér ekki heimildir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 til fjárfestingar í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður. Sjóðurinn getur þó eignast hluti í afleiðum með óbeinum hætti gegnum fjárfestingar í sjóðum.

Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 116/2021. Heildarfjárfesting sjóðsins í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má ekki fara yfir 10% af eignum hans.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán til að mæta innlausnum, að hámarki 10% af heildareignum sjóðsins, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021.

### 3.4. Sögulegt gengi sjóðsins

Nafnávöxtun sjóðsins er reiknuð út frá breytingu á kaupgengi sjóðsins. Nafnávöxtun er heildarhækkun á verðmæti hvers hlutar í sjóðnum yfir eitt ár, mælt í prósentum



---

Taflan hér að neðan sýnir sögulega nafnávöxtun ÍV Erlendis Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund.

<b>Ár</b>	<b>Nafnávöxtun ISK</b>
2007	28,9%
2008	-22,6%
2009	93,1%
2010	6,7%
2011	-20,7%
2012	19,8%
2013	4,7%
2014	15,0%
2015	2,9%
2016	-4,2%
2017	20,7%
2018	-5,1%
2019	35,8%
2020	50,7%
2021	13,6%
2022	-26,9%
2023	32,1%

---

## 4. Áhætta fjárfesta tengd eignarhlut í sjóðnum

### 4.1. Hverjir ættu að fjárfesta í sjóðnum?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem sækjast eftir virkri stýringu á milli mismunandi hlutabréfa, og vilja fjárfesta til lengri tíma og eru tilbúnir að taka áhættu á sveiflum í ávöxtun.

Sjóðurinn reynir að nýta sér skammtímasveiflur og flökt í verðlagningu eigna og horfir að einhverju leiti til eigna sem sveiflast mikið í verði. Eignir sjóðsins eru hverju sinni að meirihluta í öðrum myntum en grunnmynt sjóðsins og sveiflast virði eignanna með verðhreyfingum mynta, mælt í grunnmynt sjóðsins. Sjóðurinn hefur víðtækar heimildir til stöðutöku og fjárfestingar í mismunandi eignaflokkum og getur á hverjum tíma lagt áherslur á tiltekna markaði, myntir eða landsvæði umfram annað.

Sjóðurinn hentar einstaklingum og lögaðilum, svo sem fyrirtækjum, fagfjárfestum og stofnunum sem kjósa að fjárfesta í verðbréfasjóðum sem hafa það eingöngu að markmiði að veita viðtöku fjár til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum og dreifa áhættu af slíkri fjárfestingu milli eignaflokka og eignamarkaða samkvæmt fyrirfram kunngerðri fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn er ætlaður þeim sem vilja fjárfesta í verðbréfasjóði sem rekinn er af starfsleyfisskyldum aðila, háðir opinberu eftirliti og skyldu um reglulega skýrslugjöf um starfsemi þeirra.

Mat fjárfesta á áhættu sem fólgin er í að kaupa eignarhlutdeild í tilteknum verðbréfasjóði byggir oftast á því að skoða samsetningu eigna verðbréfasjóðsins og skoða sögulega þróun og sveiflur á verðmæti þeirra eigna sem sjóðirnir fjárfesta í og nota þá þætti til að meta mögulega framtíðarávöxtun. Slíkt mat þarf þó ekki að gefa rétta vísbandingu um ávöxtun sjóðsins í framtíðinni.

Fjárfestar eiga að hafa í huga að fjárfesting í verðbréfasjóðum er að jafnaði hugsuð til langs tíma. Verðmæti eignarhlutdeildar í verðbréfasjóði getur eftir kaup verið lægri en þegar hún var keypt. Þá þarf ávöxtun sem hefur verið á eignarhlutdeild í fortíðinni ekki að gefa vísbandingu um hver ávöxtun eignarhlutdeildar verður í framtíðinni. Það er raunveruleg hættu á að fjárfestir tapi fjárfestingu sinni að hluta til eða öllu leyti og að hann fái minna til baka fyrir eignarhlutdeild sína en hann keypti hana á.

### 4.2. Áhætta tengd eignarhlut í verðbréfasjóðnum

Fjárfesting í einstökum verðbréfum getur falið í sér áhættu sem felst í því að verðmæti fjárfestingarinnar getur staðið í stað, ávöxtun orðið minni en vonast var til eða að verðmæti fjárfestingarinnar verður minna en það var í upphafi, allt eftir eðli og tegund fjárfestingarinnar og aðstæðum á markaði sem ræður verðmæti fjárfestingarinnar.

Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni fjárfesting en kaup á einstökum verðbréfum þar sem sjóðir um sameiginlega fjárfestingu reyna að tryggja eðlilega áhættudreifingu í fjárfestingu.

Rétt er að hafa hugfast að þó svo að áhætta af verðbréfavíðskiptum í formi eignarhlutdeildar í verðbréfasjóði geti samkvæmt framansögðu verið minni, getur hún engu að síður verið áhættusöm þar sem ávöxtun undirliggjandi verðbréfa kann að sveiflast frá einum tíma til annars og þar af leiðandi gengi og markaðsvirði eignarhlutdeildar í verðbréfasjóðnum.

### 4.3. Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutdeildar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** - Hætta á verðlækkun verðbréfa á markaði vegna tiltekinna aðstæðna sem þar með hafa bein áhrif á gengi eignarhlutdeildar í sjóðnum. Verðlækkun verðbréfa stafar af breytingum á framboði eða eftirspurn eftir eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Aðstæður á markaði hverju sinni hafa þannig áhrif á framboð og eftirspurn

---

og breytingar í slíku samhengi geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á virði eigna.

- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáráhætta** - Hætta á að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja. Áhættan felst í því að markaðsaðilar vilja ekki eða geta ekki keypt tiltekið magn verðbréfa eða vilja ekki kaupa á því verði sem til stendur að selja á. Kaupendur geta verið fáir eða kaupáhugi hreinlega ekki til staðar.
- c) **Áhætta vegna eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Hætta á að eignatengsl félaga á mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun verðbréfa á markaði. Auk þess geta eignatengsl verið milli einstakra hlutafélaga sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (*e. ripple effect*).
- d) **Vaxtaáhætta** – Fjárfesting í skuldabréfum geta falið í sér vaxtaáhattu þar sem breytingar á vöxtum og vaxtastigi hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- e) **Mótaðilaáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiði ekki á gjalddaga.
- f) **Ytri aðstæður** - Svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Ný eða breytt lögjöf, reglur og reglugerðir á vegum stjórnvalda og eftirlitsaðila og breytingar á viðskiptaháttum geta haft veruleg áhrif á undirliggjandi eignir og eignaflokka og þar með á gengi eignarhlutdeildar.
- g) **Uppgjörsáhætta** – Hætta á að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki með sama hætti og vænst var, svo sem ef mótaðili greiðir ekki umsamda fjárhæð eða afhendir ekki eign á réttum tíma.
- h) **Rekstraráhætta** – Hætta á að verðbréf, skráning verðbréfaeignar í félagi eða peningalegar eignir í vörslu geti misfarist eða tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.
- i) **Gengisáhætta** – Eignir sjóðs sem ekki eru í grunnmynt hans geta rýrnað vegna gengisbreytinga þeirrar myntar á móti grunnmynt. Þá getur virði eignarhlutdeildar sem gefið er út í erlendum gjaldmiðli rýrnað vegna gengisbreytinga á móti grunnmynt.
- j) **Frammistöðuáhætta** – Hætta á að rekstraraðila takist ekki að stýra eignum og fjárfestingum í samræmi við væntingar um ávöxtun, eignasamsetningu, dreifingu og áhættu.

---

## 5. Rekstur verðbréfasjóðsins

### 5.1. Rekstrarfélag

Rekstrarfélag sjóðsins er ÍV sjóðir hf. (kt. 491001-2080). Félagið var stofnað árið 2001 og er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstrarfélagið er með starfsleyfi frá Seðlabanka Íslands sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Hluthafar rekstrarfélagsins eru tveir, Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519 með 99,75% hlut og Björg Capital ehf., kt. 500812-1090 með 0,25% hlut. Félagið er skráð að, og mun hafa aðstöðu hjá Íslenskum verðbréfum hf., Hvannavöllum 14, 600 Akureyri.

Rekstrarfélagið rekur fleiri verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta auk sérhæfðra sjóða. Við útgáfu þessarar útbodslýsingar annast rekstraraðili rekstur ÍV Skammtímasjóðs, ÍV Eignasafns I, ÍV Eignasafns II, ÍV Eignasafns III, ÍV Eignasafns IV, ÍV Áskriftarsjóðs ríkisverðbréfa, ÍV Erlent skuldabréfasafn, ÍV Ríkisskuldabréfasjóðs, ÍV Skuldabréfasafns, ÍV Sparisafns, ÍV Alþjóðlegs hlutabréfasjóðs, ÍV Erlent hlutabréfasafn, ÍV Hlutabréfavísitölusjóð og ÍV Stokk. Nýjustu upplýsingar um sjóði í rekstri rekstraraðila er ávallt að finna á heimasíðu rekstrarfélags, [www.ivsjodir.is](http://www.ivsjodir.is).

Stjórnarmenn rekstrarfélagsins eru Hjörvar Maronsson (stjórnarformaður), fjárfestingarstjóri hjá Kaldbaki ehf., Jón Bjarni Kristinsson, fulltrúi á mannauðssviði hjá Coca-Cola Europacific Partners á Íslandi og Katrín Káradóttir, verslunareigandi á Akureyri. Varamenn eru Kolbeinn Friðriksson, fjármálastjóri Hölds hf. og meðlimur í endurskoðunarnefnd Sparisjóðs Höfðhverfinga og Jón Steindór Árnason, fjárfestingastjóri hjá KEA svf. Framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins er Jón Helgi Pétursson.

Ytri endurskoðandi rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogi.

Hlutfélag ÍV sjóða hf. er kr. 16.000.000 (sextán milljónir) – og hefur allt hlutfélag þegar verið greitt.

### 5.2. Vörsluaðili.

Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519. Félagið var stofnað árið 1987 og fékk starfsleyfi verðbréfafyrirtækis 26. maí 1995. Aðsetur og skráð starfsstöð vörsluaðilans er að Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vörsluaðili er móðurfélag rekstrarfélags sjóðsins.

Vörsluaðili sjóðsins annast umsjón og varðveislu fjármálagerninga í eigu sjóðsins. Um samband sjóðs og vörsluaðila fer samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2021, einkum 45.-47. gr., og er nánar útfært með ítarlegum hætti í skriflegum vörslusamningi á milli aðila. Fjármunum sjóðsins er haldið aðgreindum frá fjármunum vörsluaðila. Vörsluaðili skal m.a.:

1. tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding eignarhlutdeildar sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins;
2. tryggja að útreikningur á virði eignarhlutdeildar sé gerður samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðsins;
3. framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau brjóti í bága við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur sjóðsins;
4. tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé sjóðnum greitt endurgjald innan eðlilegra tímamarka og

5. tryggja að tekjur sjóðsins séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og hlutdeildarskírteinishöfum vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörsluaðila við framkvæmd verkefna þess, sbr. 51. gr. laga nr. 116/2021.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili hafa framkvæmt ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni vörsluaðila hins vegar. Hagsmunaárekstrar geta t.d. komið fram í formi áhrifa á ákvarðanir, misnotkunar á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðana vörslufélags. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hættu á hagsmunaárekstrum hefur verið brugðist við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Slíkar aðgerðir fela m.a. í sér aðgreiningu starfa, skilgreiningu og skjalfestingu verkferla, rafrænar eftirlitsaðgerðir og útvistun einstakra verkþátta til óháðra aðila. Með fyrrgreindum aðgerðum telja rekstraraðili og vörsluaðili að komist hafi í veg fyrir greinda mögulega hagsmunaárekstra. Innri endurskoðun, sem útvistað er til löggildra endurskoðenda, hefur eftirlit með fyrrgreindum fyrirbyggjandi aðgerðum.

Nánari upplýsingar um hættu á hagsmunaárekstrum og varnarráðstafanir þar að lútandi má nálgast í stefnu ÍV sjóða hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.

Um vörsluaðila verður eingöngu skipt með uppsögn samningsins að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 116/2021. Uppfærðar upplýsingar um vörsluaðila eru ávallt aðgengilegar fjárfestum þegar þeirra er óskað.

### 5.3. Útvistun verkefna

Í reglum sjóðsins er tiltekin heimild til útvistunar verkefna að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 116/2021. Fyrirkomulag útvistunar skal koma fram í útboðslýsingu hverju sinni. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða eigendum eignarhluta sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

Til staðar eru samningar við Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstrarfélagsins, um útvistun verkefna. Samkvæmt samningunum sjá Íslensk verðbréf hf., um fyrir hönd rekstrarfélagsins og þar með sjóðsins:

1. Viðhaldi skrár yfir eigendur eignarhlutdeildar
2. Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina
3. Uppgjör viðskipta
4. Kynningu á vörum ÍV sjóða hf.
5. Tækniþjónustu
6. Gengisútreikning sjóða
7. Regluvörslu
8. Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga\*

\* Bókhaldsþjónustu og uppsetningu fjárhagsreikninga er keðjuútvistað til T plús hf., kt. 531009-1180, Skipagötu 9, 600 Akureyri. T plús hf. er fjármálaþyrirtæki sem sinnir vörslu- og uppgjörþjónustu fjármálagerninga. Félagið hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem verðbréfafyrirtæki, skv. 5. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Keðjuvistun er leyfileg að fenginni heimild rekstrarfélagsins.

---

Hagsmunaárekstrar geta hugsanlega komið upp þegar fjármálafyrirtæki og/eða starfsmenn þess þjóna hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og eru í aðstöðu til að láta einn aðila í betri aðstöðu á kostnað annars aðila. Í starfsemi fjármálafyrirtækja geta t.d. skapast kringumstæður þar sem hagsmunir viðskiptavinar, starfsmanna, fjármálafyrirtækisins eða sjóðs eru ekki þeir sömu. ÍV sjóðum hf. og Íslenskum verðbréfum hf. er skylt að grípa til allra sanngjarnra eða viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina ÍV sjóða hf. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga.

Uppfærðar upplýsingar um efni kafla **Error! Reference source not found.** og **Error! Reference source not found.** verða gerðar aðgengilegar fjárfestum samkvæmt beiðni þeirra þar um.

#### 5.4. Starfskjarastefna ÍV sjóða hf. – samantekt

ÍV sjóðir hf. hafa sett sér starfskjarastefnu með gagnsæi að leiðarljósi m.a. til að stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið. ÍV sjóðir hf. leggja áherslu á að greiða samkeppnishæf laun og laða til sín hæft starfsfólk. Stjórnarmenn skulu fá fasta mánaðarlega greiðslu í samræmi við ákvörðun aðalfundar. Stjórn leggur fram tillögu fyrir aðalfund um laun stjórnar til eins árs í senn að teknu tilliti til þess tíma sem stjórnarmenn verja í störf sín, ábyrgðar þeirra og umfangs starfsemi félagsins. Við ákvörðun um starfskjar og laun framkvæmdastjóra skal horft til ábyrgðar, menntunar og reynslu. Almenn séð gilda aðeins ákvæði ráðningarsamnings um greiðslur vegna starfsloka. Sérstakar aðstæður geta orðið þess valdandi að gerðir séu starfslokasamningar. Slíkir samningar eru háðir samþykki stjórnar og skulu vera í samræmi við 17. gr. b. laga nr. 116/2021 og 21. gr. b. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ekkert kaupaukakerfi er í gildi hjá félaginu og félaginu því óheimilt að ákvarða og greiða starfsmönnum sínum kaupauka.

Upplýsingar um nýjustu starfskjarastefnu ÍV sjóða hf. eru aðgengilegar á vef félagsins: [www.ivsjoDIR.is/is/um-rviv/reglur-og-samthyktir](http://www.ivsjoDIR.is/is/um-rviv/reglur-og-samthyktir). Afrit af starfskjarastefnunni á pappír er aðgengileg fjárfestum án endurgjalds samkvæmt beiðni.

#### 5.5. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þóknunir og annar kostnaður

**Árleg umsýsluþóknun:** Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélagi hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Þóknun skal greiddast mánaðarlega og miðast við árlega hlutfallstölu af daglegu innra virði sjóðsins (NAV). Þóknun skal reiknast daglega inn í gengi sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal að hámarki nema 2,5% árlega af meðaltali vermætis hreinnar eignar sjóðsins á meðan hann er starfræktur, en við útgáfu þessarar útboðslýsingar nemur þóknunin 1,5%.

**Þóknun tengd árangri umfram viðmið:** Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélagi þóknun fyrir ávöxtunarárangur umfram ávöxtunarviðmið. Árangurstengd þóknun skal reiknuð inn í gengi sjóðsins hverju sinni og þá skal borin saman ávöxtun sjóðsins að fráreginni árangurstengingu við ávöxtun viðmiðs. Árangursviðmið sjóðsins er MSCI ACWI (MSCI All Country World Index) sem fylgjast má með á vefsíðunni [www.msci.com](http://www.msci.com).

Sjóðurinn greiðir rekstrarfélagi 15% af ávöxtun umfram ávöxtunarviðmið.

Árangurstengd þóknun reiknast daglega sem skuldbinding af hálfu sjóðsins og kemur þannig til lækkunar á gengi og ávöxtun en greiðist á sex mánaða fresti. Árangurstengd þóknun safnast upp frá síðasta greiðsludegi og kemur þannig neikvæð frammistaða gagnvart viðmiði til lækkunar á uppsafnaðri hækkun í kjölfar jákvæðrar frammistöðu gagnvart viðmiði yfir þá sex mánuði sem líða á milli greiðslna. Við nýja greiðsludagsetningu upphafst nýtt viðmiðunartímabil. Sé ávöxtun sjóðs neikvæð frá

---

síðasta greiðsludegi reiknast engin þóknun þrátt fyrir að ávöxtunarárangur sé umfram ávöxtun viðmiðs. Áskriftir eða innlausnir teljast ekki til ávöxtunar. Komi til innlausnar eignarhlutdeildar í sjóðnum fyrir lok viðmiðunartímabils skal árangurstengd þóknun greiðast við innlausn í réttu hlutfalli við eignarhlutdeild.

Árangurstengd þóknun er reiknuð út á eftirfarandi hátt af vörslufyrirtæki sjóðsins:

$((\text{Ávöxtun sjóðs á tímabili } t_0 \text{ til } t) - (\text{ávöxtun viðmiðs á tímabili } t_0 \text{ til } t)) * 15\%$

**Þóknun við kaup:** Þóknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstrarfélagsins og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Söluþóknun skal endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma. Hlutfallstala söluþóknunar skal að hámarki nema 2% af verðmæti sölu og í dag er hún 1,0%. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.

**Afgreiðslugjald:** Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð allt að kr. 1.000 (eða jafnvirði þess í viðeigandi gjaldmiðli) fyrir hver kaup eða innlausn. Enn fremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

**Kostnaður greiddur af sjóðnum:** Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörslugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

---

# Reglur

## ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS fund.

### 1. gr.

#### Heiti sjóðsins.

Nafn sjóðsins er ÍV Erlent Hlutabréfasafn hs. / ÍV Global Equity UCITS Fund, kt. 581206-9760. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Rekstrarfélag sjóðsins er ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri. Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema fyrir liggi samþykki stjórnar ÍV sjóða hf. og staðfesting fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir nefnt „**Fjármálaeftirlitið**“) á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og svo framarlega sem að nýtt rekstrarfélag sjóðsins sé með starfsleyfi sem slíkt í skilningi laga nr. 116/2021. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á rekstrarfélagi sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

ÍV sjóðir hf. var stofnað árið 2001 og rekur verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði og starfar á grundvelli laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Rekstrarfélag sjóðsins er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða.

Sjóðurinn hefur heimild til markaðssetningar erlendis skv. reglum þessum, fáist til þess tilskilin heimild Fjármálaeftirlits seðlabanka Íslands.

### 2. gr.

#### Fjárfestingarstefna sjóðsins

Markmið sjóðsins er að veita hlutdeildarskírteinishöfum ávöxtunartækifæri í gegnum safn hlutabréfa á heimsvísu.

Sjóðurinn fjárfestir í skráðum hlutabréfum á heimsvísu, verðbréfum og peningamarkaðsbréfum auk sjóða að takmörkuðu leiti. Safn hlutabréfa getur innihaldið, t.d. eignir sem skráðar eru á mismunandi markaði, í mismunand löndum og í mismunandi mynt. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu.

Dreifing eigna færst t.d. með beinni fjárfestingu í hlutabréfum á heimsvísu, verðbréfum, og peningamarkaðsbréfum. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, en að mjög takmörkuðu leiti (hámark 10%). Safn hlutabréfa getur innihaldið, svo sem, eignir sem skráðar eru á mismunandi markaði, í mismunand löndum og í mismunandi mynt. Áhersla er lögð á seljanleika og gæði eigna í samhengi við áhættu.

Þegar fjárfest er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er horft til íslenskra verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða fyrir almenna fjárfesta eða sambærilegra íslenskra og erlendra sjóða og kauphallarsjóða sem fjárfesta í verðbréfum og eru í rekstri starfsleyfisskylds aðila. Í slíku samhengi skal horft til sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir íslensk lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og lög nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða falla undir erlenda löggjöf sem svipar til þeirra laga og lúta sambærilegu eftirliti af hálfu opinbers eftirlitsaðila sambærilegan Fjármálaeftirlitinu, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021.

Sjóðurinn mun að miklu eða öllu leiti fjárfesta í skráðum hlutabréfum á heimsvísu, verðbréfum, og peningamarkaðsbréfum. Honum er heimilt að fjárfesta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu að takmörkuðu leiti. Breytingar á fjárfestingarstefnu sjóðsins eru gerðar með sama hætti og aðrar breytingar á reglum sjóðsins og fer því um þær eftir 10. gr. reglna hans.



---

Fjárfestingar sjóðsins þurfa ávallt að samræmast gildandi reglum um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða sem kveðið er á um í ákvæðum 64.-76. gr. laga nr. 116/2021. Sjóðnum er óheimilt að víkja frá þeim ákvæðum.

Sjóðurinn nýtir sér ekki heimildir skv. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 116/2021 til fjárfestingar í skráðum eða óskráðum afleiðum og er því óheimilt að stunda viðskipti með afleiður. Sjóðurinn getur þó eignast hluti í afleiðum með óbeinum hætti gegnum fjárfestingar í sjóðum.

Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins til að fjárfesta allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, sbr. 1. mgr. 70. gr. laga nr. 116/2021. Heildarfjárfesting sjóðsins í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má ekki fara yfir 10% af eignum hans.

Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstýringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Þá er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán til að mæta innlausnum, að hámarki 10% af heildareignum sjóðsins, sbr. 2. mgr. 73. gr. laga nr. 116/2021.

Neðangreind tafla lýsir áherslum og sértækum skilyrðum sem sjóðnum eru settar umfram það sem leiðir af lögum nr. 116/2021:

Hlutabréf á heimsvísu	0-100%
Fjárfesting í öðrum sjóðum	0-10%

### 3. gr.

#### Verkefni rekstraraðila.

ÍV sjóðir hf., kt. 491001-2080, fara með rekstur sjóðsins í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Fer um verkefni rekstrarfélagsins samkvæmt sömu lögum, þar sem fram koma meginhlutverk í rekstri sjóða; eignastýring sjóðs og áhættustýring sjóðs. Varsla fjármálagerninga skal falin vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur, sbr. 4. gr. reglna þessara.

Öðrum verkefnum í daglegum rekstri sjóðsins er heimilt að útvista að uppfylltum ákvæðum þar að lútandi í lögum nr. 116/2021. Skal fyrirkomulag útvistunar tilgreint í útboðslýsingu hverju sinni. Stjórn ÍV sjóða hf. getur heimilað keðjuútvistun. Útvistun verkefna hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð rekstrarfélags gagnvart sjóðnum eða hlutdeildarskírteinishöfum, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 116/2021.

### 4. gr.

#### Vörsluaðili sjóðsins.

Umsjá og varðveisla fjármálagerninga sjóðsins skal falinn vörsluaðila með starfsleyfi sem slíkur. Vörsluaðili sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., móðurfélag rekstrarfélagsins, kt. 610587-1519. Til staðar skal vera skriflegur samningur á milli aðila. Ekki verður skipt um vörsluaðila nema fyrir liggja samþykki stjórnar ÍV sjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis og samþykki Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal hlutdeildarskírteinishöfum ef breyting verður á vörsluaðila sjóðsins í samræmi við 10. gr. reglna þessara.

Að gættum skilyrðum laga nr. 116/2021 og heimild stjórnar rekstrarfélagsins er vörsluaðila heimilt að fela öðru fyrirtæki varðveislu verðbréfa sjóðsins að hluta eða öllu leyti.

Þar sem vörsluaðili er jafnframt móðurfélag rekstraraðila er fyrir hendi aukin hættu á hagsmunaárekstrum. Rekstraraðili og vörsluaðili skulu framkvæma ítarlegt mat á mögulegum hagsmunaárekstrum er varða hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa annars vegar og hagsmuni

---

vörsluaðila hins vegar. Í þeim tilfellum þar sem greind hefur verið hætt á hagsmunaárekstrum skal bregðast við með fyrirbyggjandi aðgerðum og/eða eftirlitsaðgerðum til að tryggja að hagsmunir hlutdeildarskírteinishafa séu ekki fyrir borð bornir. Sé ekki unnt að fyrirbyggja eða stýra hættu á hagsmunaárekstrum skal upplýsa um slíka hættu í útboðslýsingu.

## 5. gr.

### **Þóknanir og kostnaður.**

**Árleg umsýsluþóknun:** Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu hlutfallslega umsýsluþóknun fyrir að sinna daglegum rekstri sjóðsins. Hlutfallstala þóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins og á heimasíðu rekstrarfélagsins en skal að hámarki nema 2,5%.

**Þóknun tengd árangri umfram viðmið:** Sjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu þóknun fyrir ávöxtunarárangur umfram ávöxtunarviðmið. Ávöxtunarviðmið er MSCI ACWI (MSCI All Country World Index). Árangurstengd þóknun skal greiðast rekstrarfélaginu á 6 mánaða fresti en reiknuð inn í gengi sjóðsins hverju sinni. Upphæð árangurstengdrar þóknunar skal miðast við hlutfallstölu af ávöxtunarárangri umfram ávöxtunarviðmið. Hlutfallstala skal nánar tilgreind í útboðslýsingu og á heimasíðu rekstrarfélagsins en má að hámarki nema 25%. Reikningsaðferðir vegna árangurstengdrar þóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins með greinagóðum hætti.

**Þóknun við kaup:** Þóknun fyrir sölu eignarhlutdeildar í sjóðnum rennur til rekstrarfélagsins og eftir atvikum til söluaðila skv. samningum milli aðila og eftir því sem við á. Hlutfallstala söluþóknunar skal hverju sinni tiltekin í útboðslýsingu sjóðsins og á heimasíðu rekstrarfélagsins en skal að hámarki nema 2% af verðmæti sölu.

**Afgreiðslugjald:** Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð allt að kr. 1.000 (eða jafnvirði þess í viðeigandi gjaldmiðli) fyrir hver kaup eða innlaun. Enn fremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta.

**Kostnaður:** Sjóðurinn ber sjálfur kostnað tengdan eignasafni sjóðsins, svo sem viðskiptakostnað og vörslugjöld, auk þess að bera sjálfur kostnað við staka rekstrarþætti, t.d. endurskoðun, bókhald og eftirlitsgjöld.

Stjórnunarkostnaður sjóðsins skal að hámarki vera 3%. Ekki skal fjárfest í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5%.

Þóknanir og upplýsingar um annan kostnað skulu koma skilmerkilega fram í útboðslýsingu.

## 6. gr.

### **Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlaun þeirra.**

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Rekstrarfélag sjóðsins gefur ekki út hlutdeildarskírteini að meginstefnu til. Óski fjárfestir eftir því, verða hlutdeildarskírteini gefin út af rekstrarfélaginu til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til sameiginlegrar fjárfestingar. Eignarhlutdeild í sjóðnum verður einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Sjóðurinn hefur heimild til að gefa út hlutdeildarskírteini í íslenskum krónum, Bandaríkjadöllum og evrum.

---

Eignarhlutdeild í sjóðinum skal seld eða innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok á innlausnardegi.

Beiðni um áskriftir og innlausnir eignarhluta, sem rekstrarfélagi berast fyrir kl. 14:00 á virkum degi, ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi eftir það (T+2) á því staðfestu gengi þess dags sem beiðni kom fram. Beiðnir, sem berast eftir fyrrgreinda tímasetningu, tilheyra næsta virka degi og ber að afgreiða í síðasta lagi á öðrum virkum degi þaðan í frá (T+2). Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og sameiginlegir hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði uppfyllt. Að öðru leyti gilda ákvæði 61. gr. laga nr. 116/2021 um frestun innlausnar.

## **7. gr.**

### **Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.**

Ekki er greiddur út arður af eignarhlutdeild í sjóðnum. Arði, vöxtum og öðrum hagnaði af eignum sjóðsins skal bætt við höfuðstól hans. Hagnaður af eignum sjóðsins munu því endurspeglast í virði eignarhlutdeildar í honum.

## **8. gr.**

### **Virði eignarhlutdeildar.**

Virði (gengi) eignarhlutdeildar í sjóðnum er markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins að frádregnum skuldum hans, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, vörslukostnaði, innheimtukostnaði, þóknunum og áföllnum eða reiknuðum rekstrar- eða opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefinna og óinnleysta eignarhluta.

Nýti sjóðurinn heimild sína til að gefa út eignarhlutdeildir í íslenskum krónum og/eða evrum verður eignarhlutdeildum skipt upp í flokka, þ.e. einn flokk fyrir hverja mynt. Virði slíkrar eignarhlutdeildar fengist með því að deila virði eignarhlutdeildar í grunnmynt með gengi viðkomandi myntar hverju sinni.

Virði eignarhlutdeildar í sjóðnum er reiknað út daglega á virkum dögum og birt á heimasíðu ÍV sjóða hf., [www.ivsjoDIR.is](http://www.ivsjoDIR.is). Um útreikning á virði eignarhlutdeildar og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti eftir lögum á hverjum tíma.

## **9. gr.**

### **Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Fari markaðsvirði samanlagðra eigna sjóðsins undir kr. 100.000.000 skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna hagkvæmni þess að slíta sjóðnum fyrir hlutdeildarskírteinishafa eða sameina hann öðrum sjóði eða sjóðum.

Ákvörðun um slit eða samruna sjóðsins skal tekin af stjórn rekstraraðila. Tilkynna skal sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa um ákvörðunina í samræmi við lög.

Tilkynning til eigenda eignarhlutdeildar skal eftir atvikum annað hvort hafa að geyma skilmálaskrá um slit á sjóðnum eða samrunaskrá þar sem samruna sjóðsins við annan eða aðra sjóði er lýst. Þar skal tilgreina dagsetningu gildistöku slitanna eða samrunans og aðrar mikilvægar upplýsingar þannig að hlutdeildarskírteinishöfum sé gert kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif fyrirhugaðra slita eða samruna á fjárfestingu sína.

Í þeim tilvikum þar sem um fyrirhugaðan samruna við annan sjóð er að ræða skulu í fyrrgreindri tilkynningu koma fram upplýsingar varðandi það tímabil sem hlutdeildarskírteinishafar í

---

sjóðnum geta krafist innlausnar á allri eignarhlutdeild sinni í sjóðnum, skv. þeim skilmálum sem gilda um innlausn, séu þeir ekki samþykkir fyrirhuguðum samruna.

Komi til slita sjóðsins skal rekstraraðili koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi. Skal hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, deilt niður á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu hvers þeirra. Rekstrarfélaginu er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. *'distribution in kind'*), á sanngjarnan hátt. Endurskoðandi sjóðsins skal staðfesta skiptingu eigna.

## 10. gr.

### Breytingar á reglum sjóðsins

Rekstraraðili setur sjóðnum reglur og er heimilt að gera breytingar á þeim, þ.m.t. fjárfestingarstefnu. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 116/2021. Breytingar á reglum sjóðsins skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

**Reglur þessar eru dagsettar 9. október 2023 og staðfestar af stjórn og framkvæmdastjóra ÍV sjóða hf. með rafrænum hætti.**

Jón Helgi Pétursson,  
framkvæmdastjóri

Stjórn ÍV sjóða hf.

Hjörvar Maronsson

Katrín Káradóttir

Jón Bjarni Kristinsson

## Úrdráttur úr lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði

### IX. kafli. Fjárfestingarheimildir

#### 64. gr. Fjármálagæringar og innlán.

Fjárfestingarheimildir taka til verðbréfasjóðs eða til einstakra deilda hans, sé hann deildaskiptur.

Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í eftirtöldu:

1. Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgæringum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagæringa,
  - b. ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
  - c. hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur á þann hátt sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
2. Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegan markað eða annan markað skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en innan árs frá útgáfu þeirra.
3. Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða með staðfestingu samkvæmt lögum þessum eða sambærilegri löggjöf innan EES. Einnig er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að:
  - a. verðbréfasjóður sýni fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir sjóðir séu leyfisskyldir samkvæmt lögum, lúti lögum samkvæmt sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, og að samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda sjóðsins sé tryggt,
  - b. vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggð á sambærilegan hátt og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar aðgreiningu eigna, innlausnarrétt, lánveitingar, lántökur og skortsölu framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgæringa,
  - c. gefinn sé út ársreikningur og árshlutareikningur sjóðsins a.m.k. á sex mánaða fresti til að gera kleift að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á reikningstímabili, og
  - d. þeim sjóðum sem ætlunin er að kaupa hlutdeildarskírteini eða hluti í sé óheimilt samkvæmt reglum sjóðsins að fjárfesta meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
4. Innlánun lánastofnana sem hafa staðfestu í ríki innan EES. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánun lánastofnana með staðfestu utan EES sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að lánastofnanirnar búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan EES. Innlán samkvæmt þessum tölulíð geta verið hefðbundin innlán sem eru innleysanleg á hverjum tíma og bundin innlán sem eru endurgreiðanleg að kröfu innlánseiganda innan tólf mánaða.
5. Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum markaði eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði skv. 1. tölul. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
6. Afleiðum utan skipulegra markaða. Undirliggjandi eignir afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuviðskiptum skulu lúta varfærniseftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega á áreiðanlegan og sannreynanlegan hátt. Tryggt skal að hægt sé að selja, gera upp eða loka slíkum samningum samdægurs á raunvirði hverju sinni.
7. Peningamarkaðsgæringum skv. [17. tölul.] 1) 1. mgr. 3. gr. sem viðskipti eru með utan skipulegra markaða eða annarra markaða ef útgáfan eða útgefandinn fellur undir reglur sem hafa þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé að því tilskildu að eitt af eftirfarandi skilyrðum sé uppfyllt:
  - a. aðildarríki, sveitarfélag aðildarríkis, seðlabanki aðildarríkis, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu, ríki utan EES, ríki innan sambandsríkis eða alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri aðildarríkja eru aðilar að, gefa út eða ábyrgjast gæringinn,
  - b. útgefandi gæringins er félag sem hefur gefið út verðbréf sem viðskipti eiga sér stað með á skipulegum verðbréfamörkuðum eða öðrum mörkuðum sem um getur í 1. tölul.,
  - c. aðili sem sætir varfærniseftirliti, eða lýtur og hlítir varfærnisreglum sem Fjármálaeftirlitið metur fullnægjandi, gefur út eða ábyrgist gæringinn, eða
  - d. aðrir aðilar sem Fjármálaeftirlitið samþykkir gefa út gæringinn eða ábyrgjast að því tilskildu að:
    1. fjárfestingar í slíkum gæmingi heyri undir sambærilega fjárfestavernd og gæringar skv. a–c-lið,

2. útgefandi gerningsins sé með eigið fé og varasjóði sem nema að lágmarki jafnvirði 10 milljóna evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni, og leggur fram og birtir ársreikninga í samræmi við lög um ársreikninga eða sambærilega löggjöf annars EES-ríkis, og

3. útgefandi gerningsins sé innan samstæðu með einu eða fleiri skráðum félögum og helgi sig fjármögnun samstæðunnar eða sé aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunaraðila með aðgangi að lánalínu hjá lánastofnun.

8. Öðrum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum en skv. 1.–7. tölul. fyrir sem svarar allt að 10% af eignum verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóði er heimilt að binda eignir sínar í innlánunum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða og um afmörkun fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða og upplýsingagjöf til viðskiptavina í tengslum við fjárfestingar.

**65. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.**

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

**66. gr. Áhættustýring og önnur skilyrði vegna afleiðuviðskipta.**

Fjárfesti verðbréfasjóður í afleiðum utan skipulegra markaða skal rekstrarfélagið hafa yfir að ráða óháðu og áreiðanlegu ferli til að verðmeta þær afleiður.

Rekstrarfélag skal reglubundið skila Fjármálaeftirlitinu upplýsingum á því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður þar sem fram koma tegundir afleiðna sem fjárfest hefur verið í, undirliggjandi áhætta þeirra, magntakmarkanir og þær aðferðir sem valdar hafa verið til að meta áhættu sem leiðir af afleiðuviðskiptunum í tengslum við hvern verðbréfasjóð sem það rekur. Fjármálaeftirlitið skal gera upplýsingarnar aðgengilegar ESMA og Evrópska kerfisáhætturáðinu komi fram beiðni þar um vegna eftirlits með kerfisáhættu.

Verðbréfasjóði er heimilt að beita fjárfestingaraðferðum sem snúa að framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í þeim tilgangi að ná fram skilvirkri stýringu eigna sjóðsins. Feli fjárfestingaraðferðin í sér afleiðu skulu önnur ákvæði laga þessara sem snúa að notkun afleiðna gilda um afleiðuna. Fjárfestingaraðferðir samkvæmt þessari málsgrein skulu ávallt vera í samræmi við fjárfestingarstefnu og markmið verðbréfasjóðsins.

Verðbréfasjóður skal tryggja að heildaráhætta afleiðuviðskipta sjóðsins sé ekki umfram innra virði sjóðsins. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta, selja, gera upp eða loka viðkomandi afleiðu.

Verðbréfasjóði er heimilt, í samræmi við fjárfestingarstefnu sína, að fjárfesta í afleiðum innan þeirra takmarkana sem kveðið er á um í 67. gr. gegn því að hann tryggi að áhætta vegna undirliggjandi eigna fari ekki samanlagt yfir þær takmarkanir sem kveðið er á um í 67. gr. Þegar framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerningar fela í sér afleiðu, skal tekið mið af afleiðunni þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

Ráðherra setur reglugerð um áhættustýringu verðbréfasjóða, svo sem um mat rekstrarfélags á virði afleiðna, um efni og verklag við tilkynningarskyldu til Fjármálaeftirlitsins á tegundum afleiðna, undirliggjandi áhættu, magnbundnum takmörkum og aðferðum sem hafa verið valdar til að meta áhættu sem tengist viðskiptum með afleiður og um heildaráhættu verðbréfasjóðs vegna afleiðna, og einnig um fjárfestingaraðferðir sem heimilt er að nota.

**67. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánunum og afleiðum.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta meira en:

- a. 10% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila eða
- b. 20% af eignum í innlánunum sömu lánastofnunar.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra markaða má ekki vera umfram:

- a. 10% af eignum þegar mótaðili er lánastofnun skv. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr. sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt, eða
- b. 5% af eignum þegar mótaðili er annar en lánastofnun skv. a-lið, en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 40% af eignum. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá lánastofnun eða afleiðna utan skipulegra markaða þegar mótaðili er lánastofnun sem lýtur varfærnisefniriti.

Þá skal samtala eftirfarandi fjárfestinga við sama aðila ekki vera umfram 20% af eignum sjóðsins:

- a. framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga,
- b. innlána og
- c. áhættu vegna afleiðna utan skipulegra markaða.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 35% af eignum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri

Þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. og 4. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 25% af eignum í skuldabréfum samkvæmt lögum um sértryggð skuldabréf og samsvarandi skuldabréfum útgefnum í ríki innan EES. Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í sértryggðum skuldabréfum sama aðila skal samtala slíkra fjárfestinga ekki vera umfram 80% af eignum. Ekki skal tekið tillit til fjárfestinga samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Óheimilt er að leggja saman takmarkanir skv. 1.–6. mgr. Samtala fjárfestinga í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama aðila, innlánnum þess aðila og afleiðum þar sem sá aðili er mótaðili skal ekki vera umfram 35% af eignum.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu í skilningi laga um ársreikninga skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum fyrir allt að 20% innan sömu samstæðu.

Þær takmarkanir sem settar eru á fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða samkvæmt lögum þessum gilda ekki þegar verðbréfasjóður nýtir sér áskriftarréttindi sem tengd eru framseljanlegum fjármálagerningum eða peningamarkaðsgerningum sem eru hluti eigna verðbréfasjóðsins.

#### **68. gr. Vísitölusjóðir.**

Þrátt fyrir ákvæði 67. og 73. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfaútgáfu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, vera birt opinberlega og endurspegla nægjanlega viðkomandi markað.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

#### **69. gr. Peningamarkaðssjóðir.**

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 67. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum sem tengjast þeim gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 2. mgr. 64. gr.

#### **70. gr. Traust verðbréf.**

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 67. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á a.m.k. sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Í útboðslýsingu og öðru markaðsefni skulu koma skýrt fram þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

#### **71. gr. Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.**

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 3. tölul. 2. mgr. 64. gr. Þó skal verðbréfasjóður ekki fjárfesta fyrir meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnmað er beint eða óbeint af sama rekstrarfélagi, eða öðru félagi sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðunum.

#### **72. gr. Takmarkanir á eignasafni.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

- a. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
- b. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefanda verðbréfa,
- c. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, eða
- d. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefanda.

Heimilt er að víkja frá þeim hámarkum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefina verðbréfa.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.

#### **73. gr. Lán og ábyrgðir.**

---

Verðbréfasjóði eða vörsluaðila fyrir hönd verðbréfasjóðs er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 64. og 66. gr. Þó er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum og öðrum fjármálagerningum skv. 3. og 5.–7. tölul. 2. mgr. 64. gr. án þess að fjárfestingin sé að fullu greidd.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans. Þó er verðbréfasjóði heimilt að eignast erlendan gjaldeyri með skiptasamningum.

**74. gr. Skortsala.**

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

**75. gr. Útlánaáætta vegna verðbréfunar.**

Verðbréfasjóðum er eingöngu heimilt að taka á sig útlánaáætta vegna verðbréfunar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki ef útgefandinn hefur greint rekstrarfélagi sjóðsins sérstaklega frá því að hann muni ávallt halda eftir umtalsverðri, hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem skal ekki vera minni en 5%. Gildir ákvæði þetta um nýja verðbréfun og um þegar útgefna verðbréfun þar sem nýrri undirliggjandi áhættu er bætt við eða skipt út.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kröfur sem útgefandi þarf að uppfylla til að rekstrarfélag hafi heimild til að fjárfesta í skuldabréfavafningum eða sambærilegum fjármálagerningum samkvæmt ákvæði þessu, og um þær eigindlegu kröfur sem rekstrarfélög verðbréfasjóða sem fjárfesta samkvæmt ákvæði þessu þurfa að uppfylla.

**76. gr. Ráðstafanir til úrbóta.**

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og lögæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

Nýlega stofnaður verðbréfasjóður skal ná lögæltu hámarki